



Fyrir gististaði vegna COVID-19

Góð ráð til starfsmanna

- Tryggja þarf að hægt sé að halda tveggja metra bili milli viðskiptavina í öllum rýmum. Hvetjið viðskiptavini til að halda bilinu, t.d. með áberandi skiltum í móttöku.
- Tryggið að handspritt og/eða handþvottaaðstaða sé til staðar fyrir viðskiptavini.
- Ef grímuskylda er á gististaðnum, skal leiðbeina viðskiptavinum um rétta grímunotkun.
- Upplýsa skal viðskiptavini með áberandi hætti um góð ráð til að hindra smit.
- Starfsfólk sem er veikt eða með sjúkdómseinkenni á ekki að vera í vinnu. Sjá leiðbeiningar um einkenni COVID-19 á heimasíðu Embættis landlæknis.
- Notið sápu, vatn og sótthreinsiefni við þrif. Gæta skal sérstaklega að þrifum snertiflata, s.s. síma, ljósrofa, hurðarhúna, spjaldtölva, takkaborða, posa o.fl. a.m.k. einu sinni á dag til viðbótar við reglubundin þrif.
- Þrifa skal alla herbergislykla eftir að þeim hefur verið skilað.
- Tryggið að starfsfólk geti haldið fjarlægð, bæði sín á milli og við viðskiptavini. Starfsfólk á ekki að safnast saman á kaffistofum eða í öðrum rýmum.
- Ef ekki er hægt að halda tveggja metra fjarlægð milli starfsfólks eða viðskiptavina skal nota andlitsgrímur. Tryggið að grímur séu notaðar á réttan máta.
- Starfsfólki er ekki heimilt að deila matvælum á kaffistofu starfsmanna.
- Ávallt skal tryggja gott persónulegt hreinlæti og fara eftir umgengnisreglum. Þvo skal hendur reglulega yfir daginn með handsápu, volgu vatni og handspritti.
- Hanskar geta komið að notum við óhrein verk s.s. þrif og meðhöndlun á óhreinu líni. Ekki fara milli verka án þess að skipta um hanska.
- Minnt er á að einnota hanskar eru einnota. Notkun hanska kemur ekki í staðinn fyrir handþvott.